

IP fjarskipti ehf.
bt/varaformaður stjórnar
Jóhann Óli Guðmundsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2009

Efni: Úrsögn úr stjórn IP fjarskipta ehf

Með vísan til 40. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 segja undirritaðir hér með starfi sínu sem stjórnarmenn í IP-fjarskiptum lausu.

Virðingarfyllst

Hilmar Ragnarsson, kt. 140948-3819

Þórhallur Guðlaugsson, kt. 100962-3659

Afrit sent:
Samkeppniseftirlitið
Hermann Jónasson stjórnarmaður IP-fjarskipta
Rut Hreinsdóttir ritari stjórnar

Ástæður og aðdragandi uppsagnarinnar er eftirfarandi¹:

- Samkeppniseftirlitið óskaði eftir því að við tækjum að okkur stjórnarsetu í IP-fjarskiptum ehf vegna meintra brota Teymis hf., Og fjarskipta ehf. og IP fjarskipta ehf. á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og ákvæðum samkeppnislaga. Með undirskrift skuldbundum við okkur til að vinna samkvæmt bráðabirgðaúrskurði eftirlitsins og að hafa hagsumi IP-fjarskipta (TAL) eina að leiðarljósi í starfi okkar.
- Á hluthafafundi í IP-fjarskiptum 6. febrúar vorum við kjörnir í stjórn ásamt Hermanni Jónassyni og Jóhanni Óla Guðmundssyni sem eiga 49% hlut í félaginu. Í framhaldi var haldinn stuttur stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum. Kom það í hlut Þórhalls að vera stjórnarformaður og tók Jóhann Óli Guðmundsson að sér varaformennsku. Ennfremur ákveðið að Rut Hreinsdóttir yrði ritari stjórnar.
- Í framhaldi var haldinn óformlegur fundur þar sem eldri stjórnarmenn miðluðu upplýsingum til nýrra stjórnarmanna og komu sínum sjónarmiðum á framfæri. Það sem meðal annars kom til umræðu var úrskurður Fjármálaráðuneytisins um lögmæti brottvikningar Hermanns Jónassonar úr starfi framkvæmdastjóra og ráðning Ragnildar Ágústsdóttur í sama starf. Úrskurðurinn fól í sér að umræddur gjörningur væri ólögmætur. Töldum við því rétt að upplýsa starfandi framkvæmdastjóra um málið og var henni boðið að taka við fyrra starfi hjá fyrirtækinu. Áætlað var að skipa staðgengil framkvæmdastjóra sem myndi taka við prókúru og stjórn félagsins tímabundið. Á þessum óformlega fundi var einnig ákveðið að stjórnarmenn myndu taka viðtöl við valda starfsmenn félagsins, fyrst og fremst í þeim tilgangi að átta sig á stöðunni og auka líkurnar á því að taka réttar ákvarðanir með hag fyrirtækisins að leiðarljósi. Þá var og einnig ákveðið að halda formlegan stjórnarfund mánudaginn 9. febrúar og til hans boðað með dagskrá.
- Helgin fór í að lesa yfir margvísleg gögn, s.s. ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2009, úrskurð Fjármálaráðuneytisins, lögfræðialit Forum lögmanna ehf., afhent gögn frá Teymi, samþykktir félagsins, stjórnsýslukæru til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá IP-fjarskiptum ásamt fleiri gögnum sem tengjast málinu og starfsemi fyrirtækisins.
- Á sunnudegi hélt Þórhallur fund með Ragnildi, að hennar ósk, þar sem hún lét í ljósi þá skoðun að hún féllist ekki á þá hugmynd að fara í sitt fyrra starf hjá fyrirtækinu og hygðist sitja áfram í stóli framkvæmdastjóra. Var þetta ágætur fundur þar sem Ragnildur fór yfir sína aðkomu að starfsemiinni sem og þau verkefni sem voru á hennar könnu allt frá því að vera starfsmaður SKO yfir í núverandi starf.
- Á mánudagsmorgni hafði lögfræðingur Teymis samband við Þórhall þar sem hann tilkynnti honum að Teymi væri búíð að gera athugasemd við úrskurð Fjármálaráðuneytisins. Myndi ennfremur krefjast hluthafafundar sem fyrst og að á fundinum yrði tekin fyrir vantrauststillaga á stjórn félagsins og stjórnarkjör. Einnig varaði lögfræðingurinn Þórhall við því að standa að eða taka þátt í hvers konar meiriháttar breytingum, s.s. að hlutast til um brottvikningu eða ráðningu framkvæmdastjóra félagsins, fyrir þann fund.
- Síðar um daginn fengum við (stjórnarformaður) bréfið í hendur sem efnislega var í samræmi við samtali Þórhalls við lögfræðing Teymis. Er í bréfinu, að okkar mati, vísbending um tilburði Teymis til að hlutast til um verkefni stjórnar IP-fjarskipta ehf. og að gera hana upptekna að öðrum viðfangsefnum en að vinna félaginu gagn.

¹ Bréf þetta er trúnaðarmál og aðeins ætlað stjórnarmönnum IP-fjarskipta, ritara stjórnar sem og fulltrúum Samkeppniseftirlitsins.

- Um klukkan 13 hófust viðtöl við valda starfsmenn fyrirtækisins. Ákveðið var að tala við þá forstöðumenn sem voru á staðnum sem og aðra starfsmenn sem gegna e.k. forystuhlutverki í fyrirtækinu. Ennfremur var ákveðið að Hermann Jónasson myndi ekki sitja þessa fundi né heldur Ragnhildur Ágústsdóttir þar sem óhjákvæmilega myndu nöfn þeirra kom upp í samræðum. Viðtölin voru því í höndum Jóhanns Óla auk okkar. Jóhann Óli þurfti fljótlega að fara til jarðarfarar þannig að flest viðtölin voru í okkar höndum. Markmiði var, eins og áður segir, að reyna með faglegum hætti að leggja mat á stöðuna í fyrirtækinu í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að teknar yrðu ákvarðanir sem kæmu sér best fyrir félagið. Mjög margt áhugavert kom fram í þessum viðtölum, s.s.:
 1. Fólk var almennt áhugasamt um fyrirtækið og vildi veg þess sem mestan. Töldu hins vegar að eignarhaldið væri til trafala og að deilur eigenda væru skaðlegar og óskiljanlegar út frá hagsmunum félagsins.
 2. Fram kom að þjónusta sú sem fyrirtækið fengi hjá Vodafone væri mjög slæm og hefði ollið fyrirtækinu miklum skaða.
 3. Fram komu efasemdir um stjórnun fyrirtækisins, þekkingu stjórnenda og vilja þeirra til að setja sig inn í mál.
 4. Allir höfðu trú á félaginu og töldu að það ætti mikla möguleika ef það aðeins fengi eðlileg rekstrarskilyrði og frið til að starfa.
- Viðtölin, ásamt þeim gögnum er við höfðum áður lesið, sannfærði okkur um að mikilvægt væri að vinna markvisst að því að koma á fót öfluglu stjórnunarteymi. Verkefnin væru næg sem og tækifæri á markaðnum.
- Í framhaldi var haldinn stjórnarfundur. Tvö mál á dagskrá; viðbrögð við úrskurði Fjármálaráðuneytisins og rekstrarupplýsingar. Í ljós kom að úrskurðurinn hafði ekki tekið gildi og því töldum við ekki rétt að setja af stað aðgerðir í samræmi við þau úrskurðarorð. Einnig var krafa Teymis um hluthafafund, þar sem leggja átti fram vantrauststillögu á stjórn og kjósa nýja, okkur til hugarangurs. Benti allt til þess að hér ætlaði Teymi að losa sig við hluta stjórnarinnar, eða hana alla, og kjósa nýja stjórn. Við tókum það ekki nærri okkur en ljóst að okkar mati að þarna væri Teymi aftur með tilburði til að gera stjórnina óstarfhæfa og upptekna af öðru en því að vinna félaginu gagn. Taldi því stjórnin rétt að óska eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu til að upplýsa þá um stöðu málsins. Var því fundi frestað.
- Á þriðjudegi kl. 14 var fundur með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins. Þar var farið yfir stöðu málsins og lýst yfir áhyggjum að ekki væri verið að fara að bráðabirgðaúrskurði eftirlitsins. Svo virtist sem annar eigandinn, með 51% eignahlut, hefði af því einhverja hagsmuni að halda stjórninni upptekinni við annað en að vinna félaginu gagn.
- Á sama fundi var Þórhallur upplýstur um að eftirlitinu hefði borist bréf þar sem óskað væri eftir því að annar fulltrúi yrði skipaður í hans stað þar sem Teymi drægi óhlutdrægni hans í efa. Bréfið sem er stílað á Þórhall sem stjórnarformann, dags. 10. febrúar og undirritað af Dóru Sif Tynes hdl. er með miklum ólíkindum og er í raun það korn sem fyllir mælirinn og þess valdandi að við kjósum að hverfa frá þessu starfi nú. Bréfið ber með sér viðhorf og vinnubrögð sem engin leið er fyrir ærlega einstaklinga að setta sig við. Efnisatriðum bréfsins er vísað á bug enda eiga þau ekki við rök að styðjast. Valið er að setja mál upp með versta hætti og þannig talað til stjórnarformanns í bréfinu að enginn leið er að setta sig við slíkt. Sætir furðu hvernig einhverjum dettur í hug að í lagi sé að haga sér með þeim hætti sem efnisinnihald bréfsins ber með sér. Stjórnarmenn héldu áfram áður frestuðum fundi en honum var frestað aftur án niðurstöðu.

- Þessi stutta reynsla okkar af stjórnarsetu í IP-fjarskiptum hefur verið með miklum ólíkindum. Aldrei áður höfum við kynnst eins miklum viðskiptasóðaskap á þeim tíma sem við höfum tengst viðskiptum, kennslu í viðskiptafræðum og rekstri félaga. Hafa þeir í huga að samanlögð reynsla okkar spannar vel yfir 50 ár. Af framansögðu sjáum við okkur því ekki annað fært en að segja starfi okkar sem stjórnarmenn í IP-fjarskiptum lausu eins og áður kemur fram. Okkur hefur verið bent á að með því að gera það séum við að láta Teymi komast upp með að bola stjórninni frá. Það er auðvitað undarlegt að taka þannig til orða, sérstaklega þegar haft er í huga að Teymi er meirihlutaeigandi í félaginu og ætti að vilja veg þess sem mestan. Það virðist hins vegar fátt benda til þess að svo sé.
- Framkoma Teymis við okkur veldur okkur miklum vonbrigðum. Það er verulega til umhugsunar hvað fyrirtækið virðist tilbúið að gang langt til að ná fram markmiðum sínum. Hver þau markmið eru er óljóst en það er alls ekki augljóst að þau tengist hagsmunum IP-fjarskipta. Tækifæri vörumerkisins TAL virðast mikil á markaði. Það er mjög mikilvægt að til þess bærir aðilar sjái til þess að vörumerkið fái að lifa, neytendum til góða. Óskum við því fyrirtækinu IP-fjarskipti alls góðs og vonum að fyrirtækið nái fram markmiðum sínum og verði öflugt þjónustufyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Þannig er hagsmunum neytenda best borgið.

Virðingarfyllst,

Hilmar Ragnarsson
Þórhallur Guðlaugsson